

**Ed.**

**197. Frumvarp til laga**

[146. mál]

um kaupstaðarréttindi til handa Eskifjarðarhreppi.

Flm.: Helgi F. Seljan, Páll Þorsteinsson.

**1. gr.**

Eskifjarðarhreppur skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Eskifjarðarhrepp og heitir Eskifjarðarkaupstaður. Umdæmi þetta er í alþingiskjördæmi Austurlands.

**2. gr.**

Sýslumaður Suður-Múlasýslu er jafnframt bæjarfógeti Eskifjarðarkaupstaðar.

**3. gr.**

Dómsmálaráðuneytið ákveður, hvernig málum þeim, er varða Eskifjarðarhrepp og ekki eru útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli Suður-Múlasýslu og Eskifjarðarkaupstaðar.

**4. gr.**

Sýslunefnd Suður-Múlasýslu og bæjarstjórn Eskifjarðarkaupstaðar skulu semja sín á milli um skiptingu þeirra sjóða, sem við gildistöku laga þessara eru í eign eða vörslu Suður-Múlasýslu. Einnig skulu sömu aðilar semja um fjárskuldbindingar, ábyrgðir og önnur þau atriði, er þá varða og upp kunna að koma vegna laga þessara.

Nái þessir aðilar ekki samkomulagi, skal félagsmálaráðherra úrskurða, hvernig með skuli fara.

**5. gr.**

Að öðru leyti fer um málefni kaupstaðarins samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961, og samþykktum settum samkvæmt þeim lögum.

**6. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þar til bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram síðasta sunnudag í maí 1974, skal núverandi hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps fara með stjórn kaupstaðarins.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta er flutt að beiðni sveitarstjórnar Eskifjarðarhrepps og standa allir þingmenn Austurlandskjördæmis að baki þessum frumvarpsflutningi.

Eskifjörður var einn hinna sex verslunarstaða, sem fengu með konunglegri tilskipun árið 1786 kaupstaðarréttindi. Á 175 ára afmæli þessara kaupstaðarréttinda gerði sveitarstjórn Eskifjarðarhrepps þá samþykkt, að vinna skyldi að því að endurheimta þessi fornu réttindi. Endurheimt þeirra réttinda, þótt í öðru formi séu nú, hlýtur að vera eðlilegt áhuga- og metnaðarmál Eskifirðinga.

Sveitarfélagið er nú í örur vexti og uppbygging staðarins hröð. Þar er aðsetur prests og héraðslæknis, og aðalbankaútibúið á Austurlandi er á Eskifirði. Sýslumaður Suður-Múlasýslu situr og á Eskifirði, og því verður kostnaðarauki ríkissjóðs við stofnun kaupstaðar þar hverfandi lítill, því að sýslumaður yrði að sjálf-sögðu einnig bæjarfógeti á Eskifirði.

Það hlýtur að teljast eðlilegt og sanngjarnt, að sveitarfélagi eins og Eskifirði sé veitt það aukna sjálfsforræði, sem felst í kaupstaðarréttindum, ekki síst með tilliti til forsögu málsins.